


Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Álversins í Straumsvík, Landfylling og nýr aðkomuvegur



Gildandi deiliskipulag álversins í Straumsvík, samþykkt 24.08.2017, mkv.: 1:2.500

GREINARGERÐ

1 Forsendur breytinga

Gerð er breyting á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, samþykkt dags. 27. maí 2003 m.s.br., í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Forsenda breytingar er að til stendur að stækka hafnarstöðu við Straumsvíkurhöfn og skapa aðstöður fyrir iðnaðarstarfsemi og umhverfis-vænan nýsköpunarstöð á hafnarsvæðinu. Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 þar sem lóð er stækkuð. Annað skipulagsverkefni sem tengist framkvæmdinni er breyting á deiliskipulagi Rauðamelsnámu. Umræddar breytingar eru matsskyldar, þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um umhverfismat stækkun Straumsvíkurhafnar og Rauðamelsnámu, mun sveitarfélagið taka afstöðu til niðurstöðunnar. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagsáætluninni. Sveitarfélagið mun bæta við skilmálum fyrir framkvæmdir í leyfisveitingum fyrir framkvæmdum í samræmi við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og álits Skipulagsstofnunar.

2 Skilmálar deiliskipulagsbreytingar

2.1 Lóðir

Lóðir á skipulagssvæðinu eru stórar til að rúma umfangsmikla atvinnustarfsemi. Almennit skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingar-reglugerð nr. 112/2012 og samþykkt áðal- og lóðarupprætti. Heimilt er að sameina eða skipta upp lóðum án þess að breyta þurfi deiliskipulagi þessu. Lóð er áhersla á snyrtilegan frágang innan lóða. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi eða grjóti út fyrir lóðarmörk. Ef þurfa þykir er lóðarhafi skyldur til að girða lóð sína og þá í því formi sem bæjarýfirvöld óska. Bæjarýfirvöld geta látið viðhald fara fram á kostnað lóðarhafa, ef þeim finnst viðhaldi ábótavant, enda hafi þau gert lóðarhafa viðvart með nægum fyrirvara. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og byggingarnefndarteikningum, eigi síðar en þremur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Við gildistöku þessa deiliskipulags hafa lóðarhafar ófrágenginna lóða tvö ár til að ganga frá lóð sinni að viðlögðum dagsektum skv. gr. 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

2.2 Byggingarreitir

Á nýrri landfyllingu eru afmarkaðir þrír margir byggingarreitir. Tafla 1 sýnir stærðir og byggingarheimildir á lóðum. Heimilt er að reisa mannvirki fyrir starfsemi tengda höfninni, m.a. tanka, siló, lagnir, vöruhús og verkstæði. Hæð bygginga skal vera í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu. Almennit skal hæð bygginga á lóðum ekki vera hærrí en 10 metrar en heimilt er að hlutar bygginga, s.s. skorsteinar, siló og önnur há mannvirki mega vera hærrí, enda liggja fyrir leyfi byggingarfulltrúa. Haft skal samráð við Vegagerðina við að skilgreina lægstu gölfkóta bygginga og landhæð lóða.

Tafla 1

Byggingar-reitur	Stærð lóðar [m²]	Stærð byggingareits [m²]	Hámarks nýtingarhlutfall	Hámarks byggingarmagn [m³]
1	40.190	32.710	0,60	19.626
2	18.360	13.170	0,60	7.902
3	22.540	16.830	0,60	10.098

2.3 Hafnarvegur og bílastæði

Ný aðkoma er afmörkuð frá nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut, norður fyrir álverið og inn á landfyllingu. Heimilt er að hnika legu vegarins að einhverju leyti frá afmörkun á uppdrætti vegna fullnaðarhönnunar vegar. Við gerð aðkomuvegar að hafnarsvæði verði hugað að athafnafarmými samgöngustiga fyrir gangandi- og hjólandi og að ný gatnaþverun valdi ekki óþarfa röskun eða miklum breytingum á hæðarkótum stiga vegna þverunar undir Reykjanesbraut. Mikilvægt er að við uppbyggingu vegar verði flæðigrifjum ekki raskað. Bílastæði skulu leyst innan lóða og skal fjöldi þeirra taka mið af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

2.4 Lagnabelti og veitur

Nýtt lagnabelti er afmarkað og viðmiðandi lega þess sýnd. Áætluð breidd lagnabeltis er 14 m. Lagnabeltið liggur frá lóð sunnan Reykjanesbrautar, undir Reykjanesbraut og inn á nýja landfyllingu. Lagnabeltið er fyrir sérstakar lagnir en ekki fyrir grunnkerfi veitna þó grunnkerfi lagna gæti eftir atvikum legið á lagnabeltinu. Þar sem gamlar flæðigrifjur eru á svæðinu er ekki mögulegt að grafa lagnirnar niður að öllu leyti. Gert er ráð fyrir að lagnir verði að hluta grafnar niður en munu einnig ná upp fyrir yfirborð, í allt að 2 metra hæð. Lagnir verða huldar með jarðvegi eða með öðrum aðferðum og er lögð áhersla á góða ásynd eins og hægt er. Við frágang lagna skal þess gætt í hvetna að öryggi allra sé tryggt. Þannig þarf sérstaklega að huga að aksturs- og árekstrarvörnum lagna sem liggja ofanjarðar. Lega vatnsveitu, fráveitu, rafveitu og annarra veitna er ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Aðlögun veitukerfa að framkvæmdum verður gerð í samráði við Hafnarfjarðarbæ og viðeigandi veitustofnanir.

2.5 Girðingar og öryggismál

Girðingar geta orðið allt að 4 m háar og mögulegt er að breikka hana og útfæra með einhverskonar mönnum ef þess er þörf, öryggisins vegna. Heimilt er að gera hlið á girðinguna, en mikilvægt er að tryggja aðgengi inn á nýja landfyllingu úr suðri og eftir nýjum aðkomuvegi. Á svæðinu eru í dag gastankar Gasstöðvarinnar. Tankarnar eru niðurgrafnir og uppfylla núverandi öryggiskröfur. Gert er ráð fyrir að á nýrri landfyllingu verði tankar, m.a. fyrir fljótlendi gös. Lögð er áhersla á að geymsla og fyrirkomulag tanka uppfylli allar öryggiskröfur og staðla sem gilda um málaflokkunn. Eftir atvikum skal starfsemi á svæðinu uppfylla reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna nr. 1050/2017. Gasfélagið og Rio Tinto eru flokkaðar sem starfsstöð sem falla undir hærrí mörk skv. reglugerðinni.

3 Leyfisveitingar og tilkynningarskylda

3.1 Leyfi sem framkvæmdin er háð

- Framkvæmdaleyfi frá Hafnarfjarðarbæ skv. skipulagslögum nr. 123/2010 vegna efnistöku, hafnargerðar og lagningu aðkomuvegar að höfninni.
- Leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strand vegna varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í haf, þ.e. fastra jarðefna.
- Leyfi Minjastofnunar vegna rasks á fornleifum samanber lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness vegna rekstur vinnubúða, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vegna vinnslu jarðefna skv. 112 lið viðauka IV sömu laga.

3.2 Tilkynningarskylda

Framkvæmdaaðili telur að stækkun Straumsvíkurhafnar sé tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna mögulegrar matsskyldu, í samræmi við 13.02 tilúlið 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

4 Umhverfisáhrif

4.1 Náttúruverndarsvæði

Fyrirhuguð höfn er í námunda við svæði nr. 112, Straumsvík, sem er á C-hluta náttúruminjaskrár. Breytingar á skipulagi eru ekki talin hafa áhrif á svæðið nr. 112, Straumsvík, þ.e. þær hafa ekki áhrif á verndargildi. Engin náttúruverndarsvæði á skipulagssvæðinu.

4.2 Straumar, öldufar og setflutningar

Niðurstöðum líkanreikninga Vegagerðarinnar benda til þess að ölduhæð við viðlegubakka nýrrar hafnar verði verulega lægri en við núverandi höfn. Gæði innsiglinga aukast sem og viðleguskilyrði við viðlegubakka. Áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar á ölduhæð og aðstöður til siglinga til og frá núverandi höfn eru talin óveruleg. Samkvæmt niðurstöðum líkanreikninga Vatnaskila gætu áhrif sets í svíflausn (gruggs) á birtuskilyrði í Straumsvík orðið tímabundið nokkur. Setmyndun í Straumsvík verður lítil, einungis nokkrir mm á ári. Bæði áhrif á birtuskilyrði og setmyndun minnka hratt með aukinni ölduhæð.

4.3 Jarðmyndanir

Hafnarsvæðið er raskað og manggert. Landfyllingin er ekki talin hafa áhrif á jarðmyndanir sökum þess hve manggert umhverfið er. Hins vegar verður nútímahrauni raskað við gerð aðkomuvegar, en nútímahraun nýtur sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

4.4 Lífríki á landi

Í athugun Náttúrufræðistofnunar í nóvember 2020 sáust samtals 14 fuglategundir í Straumsvík og var megnið af fuglunum innanlega í vikinni. Bar þá mest á málum. Mikilvæð búsvæði og/eða varpsvæði fugla eru ekki innan svæðis skipulagsbreytinga þar sem búast má við raski. Rannsóknir sýna takmarkaðan fjölda fugla á svæðinu og ekki er um sjaldgæfar tegundir að ræða.

4.5 Lífríki sjávarbotns

Eitt strandsjávarhlut er við framkvæmdasvæðið Straumsvík-Kjálarnes nr. 104-1391-C. Staðbundin skerðing verður á lífríki á klettabotni og í fjörum sem fer undir landfyllingu og höfn en ekki vítað til þess að vistgerðirnar hafi verndargildi. Tímabundin truflun er talin verða á fjöru í Straumsvík á framkvæmdatíma. Áhrif á Straumsvík-Kjálarnes nr. 104-1391-C í heildina eru talin óveruleg.

4.6 Ásynd og landslag

Ásyndabreyting frá fyrra aðalskipulagi er neikvæð þar sem verið er að stækka höfnina töluvert m.v. gildandi skipulag. Ásynd hafnarsvæðisins mun ekki taka miklum breytingum við stækkun hafnarsvæðisins þar sem svæðið er nú þegar manggert en það mun hins vegar vera umfangsmeira. Frágangur fyllingar verður með grjótvörn, eins og er við núverandi aðstöður.

4.7 Minjar

Samkvæmt skráningu Bygðasafns Hafnarfjarðar á fornleifum árið 2021 eru engar þekktar fornleifar þar sem fyrirhuguð höfn mun vera, eða þar sem aðkomuvegur mun liggja.

4.8 Útivist og ferðaþjónusta

Stækkun hafnar er ekki talin hafa áhrif á útivist og ferðaþjónustu þar sem um manggert svæði er að ræða sem útivista- og ferðaþjónustufólki sækir ekki.

4.9 Samgöngur

Breytt hafnarstöða er liður í því að bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem er hluti af markmiði 3.1. í svæðiskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er „þljóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.“

4.10 Loftslag

Höfnin í Straumsvík mun m.a. vera notuð sem vöruflutningahöfn. Eitt af markmiðum framkvæmda er að færa vöruflutninga að hluta úr Hafnarfjarðarhöfn í höfnina í Straumsvík og þannig nær iðnaðarsvæðinu í Hellnahrauni. Tilfærsla skipaumferðar úr Hafnarfjarðarhöfn í Straumsvíkurhöfn er líkleg til að stuðla að minni losun vegna styttri flutninga á landi.



Úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Ekki í kvarða.

Skýringar

- Mörk skipulagsbreytinga
- Lóðir
- Byggingareitir
- Byggingar
- Stækkun hafnarsvæðis
- Lagnir / lagnabelti
- Girðing
- Vegir
- Nýr vegur
- Flæðigrifjur

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur

verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá ____ til ____ var samþykkt í bæjarstjórn þann ____ 20 ____.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Kortagrunnar: Heimild fyrir þeim grunnum og gögnum sem notuð eru fyrir uppdráttinn. Hnitakerfi: [ISN93]. Kvarði: 1:2.500 [A1].			
Breyting	Dags.	Tílefi	Skipulag
VSÓ RÁÐGJÖF			
Tilkning: 22153_DSK_T_U_01		Dags.: 7.6.2024	
Skipulag: VV		Yfirf.: SGT	